



Glerísetningartrygging

Vátryggingarskilmálar nr. EF32

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteini ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EF32.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarregla
7. Brot á varúðarreglu
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Eigendaskipti
11. Eigin áhætta
12. Ákvörðun bóta
13. Undirtrygging
14. Tvítrygging
15. Framsal
16. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátrygging þessi tekur til glers þess sem tilgreint er í vátryggingarskírteini.

2. Vátryggður

- 2.1 Eigandi glersins er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í glerinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða gleri á meðan það er í:

- 4.1 Geymslu.
- 4.2 Ísetningu.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarregla

Þeir sem annast ísetningu glersins skulu hafa til þess næga kunnáttu.

7. Brot á varúðarreglu

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanns hins vátryggða glers.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.



9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða gleri fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

11. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu ef hún er tiltekin í váttryggingarskírteini.

12. Ákvörðun bóta

12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti glers á tjónsdegi nema annað komi fram í váttryggingarskírteini.

12.2 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað nýtt gler.

12.3 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

13. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins váttryggða meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

14. Tvítrygging

14.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

14.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 14.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

15. Framsal

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

16. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.